

Fjármálaeftirlitið



14. janúar 2008

Staða íslenskra fjármálafyrirtækja.

Fjármálamarkaðurinn

Þróunin á hlutabréfamörkuðum innanlands og erlendis síðustu mánuði hefur ekki verið fjárfestum hagstæð. Þessa þróun á sér margar og mismunandi skýringar en meginskýringin er sennilega þeir alþjóðlegu lausafjárerfiðleikar sem fjármálakerfi heimsins stríðir við.

Ef litið er til einstakra flokka fyrirtækja þá hefur gengi fjármálafyrirtækja á mörkuðum í kringum okkur lækkað einna mest. Ef horft er á þróunina frá miðju síðasta ári og til loka þess árs þá skera íslensku bankarnir sig ekki úr. Ef horft er á fyrstu daga janúar, sem er að mínu mati of stutt tímabil til að draga miklar ályktanir, þá hafa allir þessir bankar lækkað, þó lækkunin hérlandis sé í hærri kantinum.




Íslenska fjármálakerfið er orðið mjög alþjóðlegt og gera má ráð fyrir því að erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum muni hægja á vexti í umsvifum íslenskra fjármálafyrirtækja á næstu misserum.

Fyrir fjármálamarkaðinn hér á landi og fjármálastöðugleika skipta 3 stærstu bankarnir meginmáli. Ég mun því hér á eftir fyrst og fremst beina sjónum mínum að þeim.

Heildareignir í lok september 2007

- 3 viðskiptabankar.....10.500 ma.kr. (7.370 móðurfél.)
- S traumur Burðarás..... 605 ma.kr.
- 5 stærstu sparisjóðir..... 445 ma.kr. (30.6.2007)
- Vátryggingafélög..... 160 ma.kr.
- Lífeyrissjóðir.....1.666 ma.kr.
- Íbúðalánasjóður..... 590 ma.kr.



Afkoma

Afkoma bankanna hefur verið góð undanfarin misseri. Jafnvel þótt undanskildar séu óreglulegar tekjur var hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi 12-14% á ársgrundvelli af eigin fé á fyrstu 9 mánuðum síðasta árs. Hagnaður á 3. ársfjórðungi var þó lakari en næstu ársfjórðunga á undan og kostnaður fór vaxandi. Í samanburði við aðra norræna banka af svipaðri stærð hvað varðar markaðsvirði standa íslensku bankarnir vel.

Þannig hefur arðsemi eigin fjár verið mun betri en þessara samanburðarbanka og sé litið til arðsemi af kjarnastarfsemi og kostnaðarhlutfalla af kjarnatekjum standast íslensku bankarnir fyllilega samanburð við þá. Þannig hafa tekjur af fjármálastarfsemi íslensku bankanna verið viðbót við viðunandi

arðsemi af kjarnastarfsemi. Þessar tekjur geta þó aukið sveiflur í heildarhagnaði bankanna.

Hvað varðar sparisjóði hefur afkoma þeirra af kjarnastarfsemi ekki verið nægilega góð og hagnaður fyrst og fremst verið borinn uppi af tekjum af markaðsverðbréfum. Af þeim sökum má búast við meiri sveiflum í afkomu þeirra heldur en í afkomu bankanna.

Af framangreindu má ætla að heildarafkoma bankanna verði sæmileg á árinu 2007, þó hún verði lakari en verið hefur síðustu 2 árin þar á undan þar sem óreglulegar tekjur munu ekki skila jafn miklu og áður.

Miðað við ástand á mörkuðum er óvarlegt að gera ráð fyrir miklum hagnaði af óreglulegri starfsemi á þessu ári og því þyrftu bankarnir að huga að rekstrarkostnaði sem lið í að bæta arðsemi ársins.







TABLE 10: CORE RETURNS

	Glitnir	Kaupthing	Landsbanki	DnB Nor	SHB	Swedbank
Cost/Income ratio - Core Income	41.9%	55.1%	52.5%	55.4%	49.8%	57.8%
ROE before tax - Core Income	33.9%	21.2%	25.9%	21.7%	21.5%	22.0%

Eiginfjárstaða.

Eiginfjárstaða mæld samkvæmt Basel reglum hefur verið sterk undanfarin misseri. Eiginfjárhlutfallið í lok september sl. var á milli 11 og 12%. Hlutfallið samkvæmt eiginfjárbætti A (Tier 1) er nú milli 8,5 og 10%. Þessi hlutföll eru nokkuð hærri hjá íslensku bönkunum en öðrum norrænum bönkum. Þetta er nauðsynlegt þar sem viðskiptamódel íslensku bankanna er frábrugðið að því leyti að lán til heimila vega minna og fyrirtækja meira og enn fremur er markaðsáhætta meiri en hjá norrænu bönkunum. Af þessu leiðir að það er eðlilegt varfærnissjónarmið að bankarnir hafi hærri eiginfjárhlutföll (CAD) en hinir norrænu kollegar.

Eiginfjárstaða bankanna stenst vel álagspróf sem Fjármálaeftirlitið hefur reiknað, bæði formlegt álagspróf, sem gerir ráð fyrir mjög harkalegu áfalli og viðbótar álagspróf þar sem sérstaklega hefur verið reiknuð áhrif af viðbótar útlánatöpum. Niðurstaða hins formlega álagsprófs og viðmiðin að baki eru birt á heimasíðu eftirlitsins (www.fme.is).



Helstu áhættuþættir í starfsemi fjármálafyrirtækja.


Helstu áhættuþætti í starfsemi banka má flokka með eftirfarandi hætti:

- Útlánaáhætta
- Markaðsáhætta
- Lausafjár- og endurfjármögnunaráhætta
- Rekstraráhætta.

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er einn af mikilvægustu áhættuþáttum í starfsemi bankanna. Undanfarin ár hefur mikill vöxtur verið í útlánum og þá sérstaklega til erlendra aðila. Mikill vöxtur útlána getur verið áhættuþáttur út af fyrir sig þar sem miklum vexti kann að fylgja að ekki sé nægilega fylgt eftir innri gæðafærlum við mat á viðskiptavinum og við útlánaákvarðanir.

Almennt má segja að útlánaáhætta þriggja stærstu bankanna teljist nokkuð dreifð á flesta mælikvarða t.d. eftir löndum, atvinnugreinum, umfangi stórra áhættuskuldbindinga og hlutdeild íbúðalána og annarra lána til heimila. Þá hafa vanskil verið með lægsta móti síðustu misseri.




Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á útlánaáhættu 6 stærstu fjármálafyrirtækjanna sl. haust og var reynt að meta útlánaáhættu eftir nokkrum þáttum s.s. áhættusambjöppun-lánþegar, áhættusambjöppun-tegundir gerninga, fyrirtækjamarkaði, einstaklingsmarkaði og útkomu álagsprófa.

Bráðabirgðaniðurstaða bendir til þess að útlánaáhætta sé lítil eða takmörkuð í 70% tilvika en talsverð í 30% tilvika. Það er einkum undirþátturinn áhættusambjöppun/-dreifing – lánþegar sem endurspeglar talsverða áhættu en þó ekki verulega. Þetta eru í sjálfu sér ekki nýjar fréttir á Íslandi en hins vegar er gott að staðreyna stöðuna. Um þetta eru aðilar meðvitaðir og lögð er áhersla á að fylgjast með og stýra þessari áhættu eins og öðrum.

Sambjöppunaráhætta í formi áhættuskuldbindinga er áhættuþáttur sem Fjármálaeftirlitið fylgist sérstaklega með.

Samkvæmt reglum má áhætta á einn aðila að meðtöldum tengdum aðilum ekki vera hærri en sem nemur 25% af eiginfjárgrunni banka. Meðtalið í áhættuskuldbindingum eru allar áhættur á viðkomandi mótaðila, hvort sem eru útlán, hlutabréf eða aðrar skuldbindingar viðskiptamanns. Samtala allra stórra áhættuskuldbindinga af eiginfjárgrunni, þ.e. yfir 10% af eiginfjárgrunni, er að meðaltali 95% af eiginfjárgrunni hjá 3 stærstu viðskiptabönkunum en þetta hlutfall má hæst vera 800%. Á árinu 2003 var hlutfallið um tvöfalt herra en nú er eða um 190%. Meginástæða lækkunarinnar frá árinu 2003 er veruleg hækkun eiginfjárgrunns á tímabilinu en jafnframt hefur fjöldi stórra áhættuskuldbindinga lækkað talsvert frá fyrri árum.



Lán til verðbréfakaupa, framvirkir samningar um verðbréf og lán til venslaðra aðila fela í sér nokkra samþjöppun áhættu. Samtala útlána til verðbréfakaupa, þ.e. beinna lána og framvirkra samninga, af eiginfjárgrunni hjá viðskiptabönkunum nam 126% af eiginfjárgrunni í lok júní 2007 samanborið við 78% einu ári fyrr. Þá námu útlán til venslaðra aðila 44% af eiginfjárgrunni viðskiptabankanna í lok júní 2007 samanborið við 39% ári fyrr. Umfang á lánum til verðbréfakaupa og lánum til venslaðra aðila er hlutfallslega minna hjá stærstu sparisjóðum heldur en hjá bönkunum.

Á síðustu vikum og mánuðum, einkum síðan í nóvember 2007, fór í meira mæli en áður að reyna á að bankarnir þyrftu að kalla eftir auknum tryggingum (veðköll –margin calls) vegna lánveitinga til kaupa á verðbréfum. Þannig reyndi á slíkt í um

700 tilvikum á tímabilinu frá 5. desember 2007 til 4. janúar 2008 hjá 9 stærstu fjármálafyrirtækjanna. Það að bankarnir kalli eftir frekari tryggingum vegna lána sýnir að mínu mati fram á eðlilegt verklag. Jafnframt benda upplýsingar um tryggingarþekju vegna hlutabréfalána og framvirkra samninga um hlutabréfakaup til þess að tryggingar séu almennt í viðunandi horfi vegna þessa.

Þannig hafa fjármálafyrirtækin borð fyrir báru en sjálfsagt reynir verulega á fjárhagsgetu einstakra viðskiptamanna bankanna. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga að það er hluti af markaðshagkerfinu að taki menn áhættu geta þeir bæði grætt og tapað. Hlutabréf eru almennt langtímafjárfesting sem ætti að meta með tilliti til væntinga á undirliggjandi rekstri viðkomandi fyrirtækis en ekki vænts skyndigróða vegna sjálfkrafa hækkana.

- Hafa vaxið á árinu
 - 126% af eigin fé hjá bönkunum
 - 42% af eigin fé hjá sparisjóðum
 - 18% af útlánum banka (samst.)
 - 7% af útlánum sparisjóða
- Um 36% af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í OMX 30.09.07
- Tryggingaþekja – fyrirtækin sýni áfram varfærni

Lán með velti í verðbréfum og framvirkir samningar um verðbréf	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	2. ársfj. '06	2. ársfj. '06	2. ársfj. '06	2. ársfj. '06
Hlutf. af eigin fé	77,8%	125,9%	33,0%	42,1%
Hlutf. af lánum til viðskiptavina	21,9%	18,4%	4,1%	5,0%

Útlán til venslaðra aðila sem hlutfall af heildarútlánum til viðskiptavina	30.06.06	30.06.07
Viðskiptabankar	7,5%	6,8%
5 stærstu sparisjóðir	1,5%	2,4%
Útlán til venslaðra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni	30.06.06	30.06.07
Viðskiptabankar	43,8%	39,3%
5 stærstu sparisjóðir	14,9%	20,1%

Markaðsáhætta


Markaðsáhætta hjá stærstu bönkunum, einkum Kaupþingi og Landsbanka, er nokkur og er það í samræmi við viðskiptamódelið sem þessir bankar starfa eftir. Sem mælikvarði á markaðsáhættu verðbréfa er reiknuð svonefnd stöðuáhætta en með því er átt við áhættu verðbréfa eins og hún er reiknuð í útreikningi á áhættugrunni samkvæmt eiginfjárreglum, t.d. er stöðuáhætta hlutabréfa að jafnaði 150% af bókfærðu verði og stöðuáhætta skuldabréfa ræðst að talverðu leyti af tímalengd bréfanna.

Stöðuáhætta hlutabréfa er nálægt 50% af eiginfjárgrunni hjá fyrrnefndum tveimur bönkum en vel innan við 20% hjá þeim

þriðja. Þá er stöðuáhætta skuldabréfa hjá fyrrnefndu bönkunum milli 50 og 60% af eiginfjárgrunni en óverulegt hjá þeim þriðja.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að innlend hlutabréfaeign bankanna er að meðaltali u.þ.b. helmingur af heildar hlutabréfastöðu í eigin áhættu þannig að áhrif verðlækkunar á innlendum markaði er minni af þeim sökum.

Í samanburði við norræna banka af svipaðri stærð telst markaðsáhættan nokkuð hærri en á móti er eiginfjárlutfall herra eins og áður sagði. Til að draga úr áhættunni er annars vegar hægt minnka stöðutöku eða auka eiginfjárgrunninn.





Lausafjár- og endurfjármögnunaráhætta

Lausafjárstaða viðskiptabankanna, eins og hún er mæld samkvæmt reglum útgefnum af Seðlabankanum, hefur batnað verulega frá stöðunni eins og hún var á árinu 2006. Eftir óróa sem íslenskir bankar lentu í á lánsfjármörkuðum á árinu 2006 gerðu þeir ráðstafanir til að bæði lengja í lánum, dreifa gjalddögum lána á lengra tímabil og dreifa uppsprettu lánsfjár eftir löndum.

Samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur aflað um þol bankanna með hliðsjón af svonefndu tryggð lausafé (secured liquidity) til að standa við skuldbindingar næstu 12 mánuði án þess að afla fjár á markaði er staða þeirra viðunandi. Fjármálaeftirlitið safnar einnig reglulega skýrslum um stöðu langtímalána, hreyfingar undanfarna ársfjórðunga og fjárhæðir sem falla á gjalddaga næstu 12, 24 og 36 mánuði. Samkvæmt

skýrslum m.v. lok september sl. var meðallánstími lána bankanna nálægt 3 og hálfu ári. Samanburður á meðallánstíma á lántökum íslenskra banka við norræna banka sýnir að þeir fyrrnefndu skera sig ekki úr.



Innlán hafa til skammst tíma verið tiltölulega lágt hlutfall af fjármögnun viðskiptabankanna í samanburði við evrópska banka. Á síðustu misserum hefur innlánshlutfallið batnað verulega og má í því sambandi nefna árangur Landsbankans með markaðssetningu Icesave í Bretlandi. Þessi hlutföll skera sig ekki úr í samanburði við aðra norræna banka. Innlán eru almennt talin stöðugri fjármögnun en lánsfé á markaði, þó svo að þau séu ekki með öllu áhættulaus. Við mat á stöðugleika innlána skiptir máli dreifing þeirra eftir ýmsum mælikvörðum eins og t.d. bundið og óbundið, stærðardreifing, heimili og fyrirtæki. Unnið er að nánari greiningu á þessu.

Miðað við ástand á alþjóðamörkuðum er hins vegar lausafjárstaða og fjármögnun nokkuð sem fylgjast þaf vel með, enda mun árangur á því sviði ráða miklu um mögulegan vöxt á næstu misserum.

TABLE 5: DEPOSIT RATIOS

	Glitnir	Kaupthing	Landsbanki
Year end 2005	25.9%	31.5%	33.9%
End of Q3 2007	37.6%	42.7%	75.5%
Change	+12.3%	+11.2%	+41.4%

Source: Annual Reports




TABLE 9: DEPOSITS/LOANS OF MAJOR NORDIC BANKS

	Glitnir	Kaupthing	Landsbanki	DnB Nor	SHB	Swedbank
End of first 9m 2007	37.6%	42.7%	75.5%	58.6%	39.8%	40.7%
End of 2006	24.9%	29.6%	47.5%	57.3%	48.5%	42.3%
End of 2005	25.9%	31.5%	33.9%	58.9%	41.4%	41.2%

Source: Annual Reports and authors' calculations

Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur m.a. samþættingaráhætta. Í hinum mikla vexti bankanna, bæði ytri og innri vexti, sem verið hefur undanfarin ár er hætta á að ekki takist tímanlega og með fullnægjandi hætti að aðlaga vöxtinn að þeirri starfsemi sem fyrir er. Svo virðist sem bönkunum hafi almennt tekist vel í aðlögun erlendu starfseminnar. Hins vegar tel ég að bankarnir megi huga betur að þessum þætti, einkum þá að ýmsir ferlar og innri stoðdeildir fylgi hröðum vexti eftir.

Þröngt eignarhald á íslenskum bönkum er áberandi þáttur og sker sig úr í samanburði við erlenda banka. Þessu fylgir orðsporsáhætta þar sem markaðsaðilar telja meiri líkur á að fáir stórir eignaraðilar að bönkum geti mögulega haft óæskileg áhrif á starfsemina en þar sem eignarhald er dreift. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að ákveðnar reglur gildi um viðskipti eigenda við fjármálafyrirtæki og fylgst sé með eftirfylgni þeirra á trúverðugan hátt.

Lokaorð

Það er óhætt að segja að þungt hafi verið undir fæti á alþjóðlegum og íslenskum fjármálamarkaði á undanförunum mánuðum og lækkanir á hlutbréfamörkuðum munu væntanlega setja eitthvert mark sitt á afkomu bankanna.

Í slíku árferði er mikilvægt að halda ró sinni og greina tímabundna erfiðleika frá lengri tíma vandamálum.

Þannig eru undirstöður íslensku viðskiptabankanna almennt traustar.

- Afkoma íslensku bankanna hefur verið góð síðustu árin. Jafnvel þó að við tökum óreglulegar tekjur frá og lítum eingöngu á arðsemi af kjarnastarfsemi þá standast íslensku bankarnir fyllilega samanburð við banka á hinum Norðurlöndunum.
- Eiginfjárlutföll bankanna eru sterk og þeir geta staðið af sér veruleg áföll.
- Flestir þættir útlánaáhættu eru ágætlega dreifðir og markaðsáhættu er mætt með herra eiginfjárlutfalli og virkri stýringu.
- Veðköll og tryggingaþekja bankanna vegna hlutabréfalána sýna að verkferlar þeirra eru virkir og þeir hafa almennt gætt þess að taka tryggingar vegna slíkra lána.
- Gengi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur ekki lækkað meira síðustu mánuði en gengi fjármálafyrirtækja á mörkuðum í kringum okkur.

Þrátt fyrir að staðan sé almennt traust þá er í fjármálastarfsemi stöðugt verkefni framundan og þau helstu fyrir bankana snúa að fjármögnun og samþættingu á starfsemi á milli landa.

Ágætu fundarmenn.

Á síðustu vikum hefur skuldatryggingingaálag íslensku bankanna hækkað töluvert. Sérfræðingar greiningafryirtækisins Credit Sights sögðu í síðustu viku að skuldatryggingálagið, gefi ekki rétta mynd af raunstöðu íslensku viðskiptabankanna og að áhættan í tengslum við þá sé nokkuð ofmetin.

Ég tek undir þessi sjónarmið, og þetta er eitthvað sem við sem störfum á fjármálamarkaðnum verðum að koma á framfæri. Þó nú gefi á bátinn, þá hefur íslenskur fjármálamarkaður alla burði til þess að þola þann óróa sem nú er á alþjóðlegum mörkuðum.